

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Skaftár- og Mýrdalshreppur  
Klausturvegi 10  
880 Kirkjubæjarklaustur



Reykjavík 13. júlí 2016  
UST201605-179/K.S.J.  
10.04.03

### Efni: Tillaga að deiliskipulagi í Reynisfjöru í Mýrdal.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftár- og Mýrdalshrepps er barst 23. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Reynisfjöru í Mýrdalshreppi.

#### Skipulagssvæðið

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi nær til lóðar í Reynisfjöru sem er 1 ha að stærð. Á lóðinni er veitingahús og bílastæði fyrir ferðamenn. Fram kemur í greinargerð að markmið breytingar er að stækka og endurbæta bílastæði í Reynisfjöru. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að viðkomandi bílastæði anni þeim fjölda er heimsækja náttúruminjasvæðið.

#### Vegir og bílastæði

Umhverfisstofnun bendir á að skipulag bílastæða við veitingahús í Reynisfjöru er ekki nýtt eins og nágildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir. Stofnunin bendir einnig á að mögulegt er að nýta svæðið næst veitingahúsi betur fyrir bílastæði, frekar en að dreifa bílastæðum yfir stórt svæði. Umhverfisstofnun bendir einnig á að með því að teygja bílastæði mjög í vestur er verið að loka á útsýni til fjörunnar frá húsum í nágrenninu. Að mati Umhverfisstofnunar eru neikvæð sjónræn áhrif á náttúruminjasvæðið ekki eins mikil ef bílastæði eru nýtt vel og ekki dreift um of.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson  
Sérfræðingur